10-eyringurinn beðinn afsökunar

„Mönnum getur skjátlast þótt þeir séu í kórnum". Þannig hljóðar fræg setning höfð eftir Marka-Leifa sáluga (Hjörleifi Sigfússyni). En svo getur mönnum líka skjátlast þótt þeir séu ekki í kórnum.




Það var nefnilega missagt hér í blaðinu í fyrradag, að „silfur"—peningarnir, sem dreift var fyrir framan Alþingishúsið og Landsbankann hafi verið 10 eyringar, þótt þeir bæru óneitanlega nokkurt svipmót af þeirri gömlu og góðu mynt, a.m.k. hvað ummálið áhrærði. En þetta voru nú óvart þær illræmdu álkrónur, öðru nefni Nordalir, sem bæði fljóta á vatni (og þýðir því ekki einu sinni að henda í Peningagjá) og fjúka í minnsta andvara. Er ekki nema sjálfsagt að biðja 10-eyringinn afsökunar á því að orða hann við álkrónu.

—mhg

Tónleikar í Bústaðakirkju

Í dag, laugardag, verða haldnir tónleikar í Bústaðakirkju. Flytjendur eru Camilla Söderberg sem leikur á blokkflautur og Snorri Örn Snorrason á lútu og gítar. Flutt verður tónlist frá Renaissance og Barock-tímabilinu og einnig verk eftir 20. aldar tónskáldin Eric Stokes, Hans Martin Linde og Benjamin Britten.

Camilla Söderberg er fædd í Stokkhólmi, en stundaði tónlistarnám í Vinarborg þar sem hún lauk burtfararprófi í blokkflautuleik frá tónlistarháskólanum þar í borg árið 1970, en stundaði síðan framhaldsnám hjá Hans Maria Kneihs við sama skóla. Snorri Örn Snorrason lauk burtfararprófi frá tónlistarháskólanum í Vínarborg vorið 1976 og hafði þá stundað gítarnám í 5 ár hjá prof. Karl Scheit sem er mjög þekktur fyrir störf sín sem kennari og útgefandi. S.l. 2 vetur hafa þau stundað framhaldsnám í Basel, Camilla við hinn þekkta skóla fyrir gamla tónlist „Schola Cantorum Basiliensis" og Snorri hjá hinum fræga gítar- og lútuleikara Konrad Ragossnig. Tónleikarnir hefjast kl. 4 og fást aðgöngumiðar við innganginn.



Camilla Söderberg og Snorri Örn Snorrason.

Tillaga þingmanna úr öllum flokkum:

Kortabók Íslands verði gefin út

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgang um útgáfu kortabókar Íslands"

Þannig hljóðar þingsályktunartillaga sem þingmenn úr öllum flokkum hafa lagt fram. Þingmennirnir eru Sverrir Hermannsson, Ingvar Gíslason, Gils Guðmundsson, Eggert G. Þorsteinsson og Karvel Pálmason.

Í greinargerð með tillögunni segja flutningsmenn:

„Kortabók Íslands verður safn korta af Íslandi, þar sem margs konar fróðleikur um land og þjóð er settur fram á myndrænan hátt.

Þjóðlandaatlasar hafa verið gefnir út í velflestum Evrópulöndum, þ.á m. Norðurlöndum, en auk þess í mörgum löndum í öðrum heimsálfum. Fyrsta kortabók, sem út var gefin af þessu tagi, var Finnlandsatlas, sem gefinn var út 1899, en hefur verið gefinn út þrisvar sinnum síðan. Hefur slík útgáfa hvarvetna verið talin hin mesta nauðsyn, til að auka þekkingu á landsháttum.

Árið 1976 kom út kortabók yfir öll Norðurlönd (Norden i text och kartor). Að undanskildum nokkrum þáttum náttúrufars eru nær engar upplýsingar um Ísland í kortabókinni. Oftast er einungis ein stærð eða tala yfir allt landið, þar sem upplýsingar eru birtar eftir umdæmum í hinum löndunum.

Kortabókini er ætlað að að vera upplýsinga- og heimildarrit í þágu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, sem fást við margs konar áætlanagerð varðandi byggð, atvinnulíf og landnýtingu. Er þar átt við nýtingu lands til búskapar, ýmiss konar verklegra framkvæmda, samgangna, almenningsnota og náttúruverndar.

Kortabókin verður gagnlegt heimildarrit fyrir innlenda og erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir á ýmsum fræðasviðum. Enn fremur yrði bókin mikilvæg fyrir fjölmarga aðra, sem vilja kanna útbreiðslu ýmiss konar fyrirbæra til lands og sjávar og athuga samhengi þeirra á milli.

Síðast en ekki síst er ótalið menntunargildi bókar af þessu tagi. Hún yrði notuð af kennurum og nemendum í framhaldsskólum og á háskólastigi og yrði handbók eða uppsláttarrit fyrir kennara og nemendur í efstu bekkjum á grunnskólastigi.

Til þess að ná þeim árangri, sem að framan er getið, er fyrirhugað að setja fram á kortum og á annan myndrænan hátt ýmis einkenni lands og þjóðar. Þar á meðal má nefna náttúrufar, sögu, atvinnulíf, félagsmál og menningarmál."




Hann er glaðlegur, hópurinn sá.

Ánægjuleg heimsókn

Síðastliðinn fimmtudagsmorgun fengu Þjóðviljamenn skemmtilega heimsókn í Síðumúlann. Voru þar á ferð nemendur úr Vighólaskóla í Kópavogi, ásamt einum kennara sínum, Helgu Sigurjónsdóttur. Gengu þeir hér um garða góða stund, skoðuðu húsakynnin og létu spurningum rigna yfir blaðamenn. Nemendur höfðu meðferðis skólablað sitt Kóp, hið myndar legasta að efni og allri gerð. Segir svo í formálsorðum ritnefndar:

„Nú er komið út skólablað Vighólaskóla, Kópur, baráttutæki okkar nemenda á andlega sviðinu. Í blaðinu er vonandi efni við þitt hæfi og er þá stefnumarkmiði þess að nokkru náð. Ritnefnd hefur skrifað því sem næst allt efni blaðsins utan nokkurra greina. Ritnefnd þakkar öllum þeim, sem hönd lögðu á plóginn við að koma þessu blaði út, hvort sem hjálpin kom í efni sendu blaðinu eða aðstoð við setningu þess. Blaðið hefði tæplega komið út án þess framlags. Sérstakar þakkir fær Hörður Óskarsson fyrir söfnun auglýsinga í blaðið en þær námu um 200 þús. kr., sem er hreint ótrúlegur árangur.



Þau bera Kóp á höndum sér.

Ritnefnd Kóps skipa: Gunnsteinn Ólafsson, Björn Harðarson, Ólafur Þ. Gunnarsson, Arnhildur Þórhallsdóttir, Einar T. Finnsson og Sigrún Andradóttir. Ljósmyndir: Sigurður Jónsson. Auglýsingar: Hörður Óskarsson. Forsíða: Halldór Gunnarsson. Ábyrgðarmaður: Júlíus Hafsteinsson.

—mhg

Tvær einkasýningar á Kjarvalsstöðum

Þetta er síðasta sýningarhelgi Guðbergs Auðunssonar og Ómars Skúlasonar á Kjarvalsstöðum, en opnar eru sýningarnar fram á þriðjudagskvöld.

Þetta eru fyrstu einkasýningar þeirra beggja. Það gerist nú í dag (laugardag) kl. 16.00, að Sigurður Karlsson trommuleikari heldur „trommukonsert" á sýningu Guðbergs og túlkar á sinn hátt nútímann í verkum Guðbergs. En um myndir sínar, 23 talsins, segir Guðbergur sjálfur: „Ys og þys stórborga, gömul og ný skilaboð og sitthvað fleira er kveikjan að þessum myndum".

Fimm myndir seldust fyrsta hálftímann sem sýning Guðbergs var opin. Listasafn Íslands keypti mynd sem heitir Nútíminn og Listasafn SÍS aðra.


Guðbergur hefur numið við Listiðnskólann í Kaupmannahöfn og málaradeild Myndlista- og handíðaskólans.

Ómar Skúlason hefur einnig numið við Myndlista- og handíðaskólann, tekið þátt í samsýningum á Sólon Íslandus og hjá FIM. Hann sýnir teikningar, blandaða tækni, myndir („Tilbreytingar") gerðar með sprautu og skapalóni — alls 56 myndir. Ómar hefur (á fimmtudegi) selt fjórar myndir, eina til Listasafnsins.

Í dag og á morgun eru sýningar þeirra Guðbergs og Ómars opnar kl. 2-10.



Guðbergur Auðunsson og Nútíminn.



Ein af myndum Ómars Skúlasonar.

Flóamarkaður Zontaklúbbsins

Á morgun sunnudaginn 12. febrúar klukkan 14 verður flóamarkaður á Hallveigarstöðum. Félagar Zontaklúbbs Reykjavíkur hafa opnað hirslur á heimilum sínum og fundið þar marga nýtilega hluti, sem þeir gátu án verið og ætla nú að selja við hagstæðu verði.

Árið 1944 stofnaði klúbburinn sjóð til minningar um starf Margrétar Bjarnadóttur Rasmus, sem þá hafði lokið starfsferli sínum við stjórn Heyrnleysingjaskólans. Hún barðist fyrir að bæta hag nemenda sinna og þekkti flestum betur hve höllum fæti þeir stóðu í lífsbaráttunni.

Sjóðurinn, sem nefndur er Margrétarsjóður, notar fé sitt jafnóðum og þess er aflað. Hann hefur styrkt kennara, fóstrur og aðra sem stunda framhaldsnám með það takmark í huga að efla heilbrigði og þroska mál- og heyrnarskertra. Einnig hefur fé verið varið til tækjakaupa.

Zontaklúbbur Reykjavíkur hefur nú á prjónunum áætlun um að vekja hreyfingu í þá átt að koma upp aðstöðu, þar sem börn innan skólaaldurs gætu fengið hjálp sérmenntaðra kennara til þess að lagfæra málhelti. Sérfræðingar telja mikilvægt að slík hjálp sé veitt í tíma.

Starfsmannafélagið Sókn:

Aðvörun

Fimmtudaginn 9. febrúar 1978 boðaði stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar til fundar með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Á fundinum var eftirfarandi tillaga einróma samþykkt:

„Fundurinn varar Alþingi og ríkisstjórn við að skerða síðustu kjarasamninga og stofna til ófriðar á vinnumarkaðinum. Fundurinn vísar því algjörlega á bug að sú leiðrétting á launum sem náðist í samningunum sl. vor eigi sök á vanda atvinnuveganna. Sú sök liggur fyrst og fremst hjá ríkisstjórn og löggjafarvaldi."

Spurt um risnu fyrirtækja

Ragnar Arnalds hefur beint eftirfarandi fyrirspurn um risnu fyrirtækja til fjármálaráðherra:

„1) Hvaða reglur giltu um frádrátt frá tekjum fyrirtækja vegna risnu við álagningu skatta árið 1977?

2) Hve mikilli fjárhæð nam þessi frádráttur hjá skattskyldum félögum við álagningu skatta árið 1977, upphæðin samanlögð eftir framtölum eða áætluð samkvæmt hæfilegu úrtaki?"